

Fjallabyggð  
Tæknifulltrúi  
Gránugötu 24  
580 Siglufjörður

Reykjavík 20. nóvember 2017  
UST201710-007/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing. Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008 - 2028 - Endurskoðun**

Vísað er til erindis tæknifulltrúa Fjallabyggðar er barst 2. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu endurskoðaðs aðalskipulags Fjallabyggðar 2008 – 2028.

#### **Vatnsgæði**


Í umfjöllun um vatnsgæði er fjallað um veitur og fram kemur að unnið er að endurnýjun fráveitu, lengingu útrása og uppsetningu á fyrsta stigs hreinsun í útrásarbrunnnum. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og minnir stofnunin á mikilvægi þess að öll markmið um fráveitur í sveitarfélaginu séu tímasett og tekur undir það að ljúka á verkefni við fráveitur árið 2018.

#### **Ólafsfjarðarvatn**


Eins og fram kemur í ofangreindri lýsingu er vatnið Ólafsfjarðarvatn í Ólafsfirði. nr. 539 á náttúruminjaskrá og þar segir: „*Vatnið allt ásamt ósi. Strandvatn, 270 ha. Mjög sérstætt náttúrufrýrbrigði. Ferskt vatn flýtur ofan á söltu og verkar sem gler í gróðurhúsi á neðri lög. Mikið og fjölbreytt lífríki.*“ Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. 61. gr. laga nr. 106/2013 um náttúruvernd m.s.br. þá njóta stöðuvötn 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri sérstakrar verndar. Fordast ber að raska vistkerfum er njóta sérstakrar verndar nema brýna nauðsyn beri til. Að mati Umhverfisstofnunar ber að taka tillit til hinnar sérstöku verndar Ólafsfjarðarvatns í skipulagsáætlun fyrir sveitarfélagið.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að afgreiða erindið.

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur